

149. löggjafarþing 2018–2019.
Pingskjal 313 — 282. mál.

Alþingi – nefndarsvið
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík

Sent rafrænt
nefndarsvid@althingi.is

Akureyri 13.03.2019

Efni: Umsögn til Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögræðislögum, (fyrirframgefin ákvarðanatöku) – Pingskjal 313 – 282. Mál

Grófinni – geðverndarmiðstöð hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, (fyrirframgefin ákvarðanatöku), 282. mál. Grófin – geðverndarmiðstöð veitir frumvarpinu jákvæða umsögn í heild sinni og lítur á hugmyndir um að lögfesta fyrirframgefna ákvarðanatöku sem mikil framför í geðheilbrigðismálum á Íslandi.

Þó komu upp vangaveltur um hvernig skuli bregðast við ef að hinn lögræðissvipti er því mótfallinn að þiggja þá meðferð eða úrræði sem fyrirframgefna ákvörðunartakan segir til um. Út frá orðanna hljóðan í frumvarpinu má álykta að fyrirframgefin ákvörðunartöku sé bindandi, uppfylli hún skilyrði laganna um réttmæti, hvort sem einstaklingurinn sem á í hlut vill nýta sér hana eður ei, þegar á hólminn er komið. Í því samhengi er lýst yfir áhyggjum að í slíkum tilfellum kunnu lögin að hafa gagnstæð áhrif við upprunalegt markmið sitt. Því er mælt til að leitað verði upplýsinga um hvernig brugðist sé við slíkum aðstæðum frá löndum sem komin eru með meiri reynslu á sambærileg lög.

Að öðru leiti fagnar Grófin – geðverndarmiðstöð þeirri framsækni sem fellst í að lögfesta fyrirframgefna ákvörðunartöku og, eins og áður segir, veitir frumvarpinu jákvæða umsögn í heild sinni.

F.h. Grófarinnar – geðverndarmiðstöðvar,
virðingarfyllgst,
Hrafn G. Hreiðarsson, verkefnastjóri í Grófinni